

Eignatrygging lausafjár er samsett váttrygging sem innifelur brunatryggingu, en til viðbóta er hægt að kaupa vatnstjóns- og foktryggingu og innbrotstryggingu gegn viðbótariðgjaldi. Um trygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála félagsins nr. 001.

1. KAFLI	BRUNATRYGGING	1
2. KAFLI	VATNSTJÓNS- OG FOKTRYGGING	1
3. KAFLI	INNBRÖTSTRYGGING	2
4. KAFLI	ALMENN ÁKVÆÐI	2

Váttryggður er váttryggingartaki. Váttryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila svo sem veðhafa eða nýjan eiganda hins váttryggða.

1. KAFLI BRUNATRYGGING

1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir bætur vegna tjóns á hinu váttryggða lausafé af völdum bruna, eldingar eða sprengingar. Með bruna er átt við eldsvoða, þ.e. lausan eld sem myndar loga og getur breiðst út sjálfkrafa. Með eldingu er átt við varma eða kraftaverkun rafmagns í sambandi við leiðni eldingarstraums til jarðar. Með sprengingu er átt við efnahvörf sem gerast á svipstundu með mikilli varmamyndun og öflugri rúmtaksaukningu efna.

Váttryggingin greiðir jafnframt bætur vegna eftirfarandi tjónsatvika:

- Skemmdir á gufukatli eða háprýstisúðukeri er hlýst af yfirprýstingi sem myndast óviljandi við venjulega notkun tækisins.
- Tjón af völdum loftfars eða hluta sem falla úr loftfari.
- Skemmdir vegna skyndilegrar sótmengunar frá eldstæði, sem ætlað er til að hita upp húsnaði, enda sé gerð eldstæðis í samræmi við lög og önnur opinber fyrirmæli.
- Tjón sem stafar af slökkvistarfi.

2. gr. Undanþágur

Váttryggingin bætir ekki tjón:

- Sem ekki verður talið eldsvoði, t.d. þegar hlutur sviðnar, ofhitnar eða bráðnar.
- Á hlutum sem falla undir lögboðna brunatryggingu fasteignar.
- Sem hlýst af því að váttryggða er af ásettu ráði stofnað í hættu af eldi eða hita við upphitun, þurrkun, suðu, bræðslu eða öðru þess háttar.
- Á raftækjum eða rafeindatækjum vegna skammhlaups eða annarra hreinna rafmagnsfyrirbæra, nema atvikið valdi eldsvoða eða sé bein afleiðing eldsvoða.
- Vegna rekstrartap eða annars óbeins tjóns.

2. KAFLI VATNSTJÓNS- OG FOKTRYGGING

Váttrygging þessi er sértrygging sem hægt er að taka sem viðbót við brunatryggingu gegn viðbótariðgjaldi.

3. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir bætur vegna tjóns á hinu váttryggða lausafé af neðangreindum orsökum:

- Skemmdir af völdum þess að vatn streymir skyndilega og óvænt úr vatns-, hita-, og skolplögnum. Sama gildir um flóð frá tækjum sem fasttengd eru lögnum þessum, svo sem salernisskálum, handlaugum, vöskum, baðkerum, þvottavélum eða uppþvottavélum.
- Skemmdir af völdum jarðvegsvatns sem flæðir inn á váttryggingarstað, enda hafi það orðið af völdum skyndilegrar úrhellisrigningar (skýfalls) eða snjóbráðar (asahláku). Með skyndilegri úrhellisrigningu og snjóbráð er átt við að vatnsmagn verði skyndilega svo mikið að jarðvegsniðurföll leiði það ekki frá.
- Foktjón af völdum ofsaveðurs, þ.e. ef vindhraði nær 28,5 m/s samkvæmt mælingu Veðurstofu Íslands. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs, þegar tjónsatburðurinn átti sér stað. Bætur greiðast fyrir allar skemmdir á váttryggðum verðmætum er hljótast beinlínis af ofsaveðri, þ.á.m. úrkomu sem fellur meðan veðrið varir eða strax í kjölfar þess. Greiðsluskylda félagsins er bundin því skilyrði að unnt sé að sjá skaða á húsum af völdum ofsaveðurs og skemmdir á váttryggðu lausafé verði raktar til skaðans.
- Skemmdir af völdum þess að olía eða kælivökvi streymir skyndilega og óvænt úr olíugeymi, olíueldstæði, kæliskáp eða kælikerfi.

4. gr. Undanþágur

Váttryggingin bætir ekki tjón:

- Sem hlýst af langvarandi raka, leka eða vegna smits.
- Ef völdum vatns frá svölum, úr þakrennum eða frárennislisleiðslum þeirra.
- Af völdum grunnvatns, skólps eða flóða frá sjó, stöðuvatni, ám eða lækjum.
- Sem hlýst vegna byggingarvinnu, viðgerðum eða viðhaldi sem þriðji maður ber skaðabótaábyrgð á.
- Á vörum sem geymdar eru í kjallara; nema þær hvíli á a.m.k. 10 cm háum undirstöðum sem drekka ekki í sig raka.

- Af úrkomu sem berst inn um þak eða vegg, nema af völdum bótaskylds foktjóns.
- Á lausafé sem geymt er utanhúss, í opnum skemmum eða skýlum, gróðurhúsum eða húsum í smíðum eða geymslum sem klæddar eru með pappa, plastdúk o.þ.h.
- Á vörum í frysti- og kæligeymslum. Þó bætist tjón á vörum sem þannig eru geymdar í smávöruverslunum ef kælivökvi rennur á þær skyndilega og óvænt.
- Sem verður við áfyllingu eða missi olíu- eða kælivökva.

5. gr. Varúðarreglur

Vátryggðum ber að gæta þess að:

- Í óupphituðu húsnæði sé lokað fyrir vatnsaðstreymi og vatnslagnir tæmdar, ásamt viðtengdum tækjum, þegar hætta er á frosti.
- Ekki sé lokað fyrir miðstöðvarofna í frosti þannig að hætta sé á að vatn frjósi í þeim.
- Einungis iðnlærðir menn sjái um að þíða vatn í lögnum sem frosið hefur í.
- Lögnum og tækjum sé haldið vel við.

3. KAFLI INNBROTSTRYGGING

Vátrygging þessi er sértrygging sem hægt er að taka sem viðbót við brunatryggingu gegn viðbótariðgjaldi.

6. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin greiðir bætur vegna tjóns á hinu vátryggða lausafé vegna þjófnaðar eða skemmda sem verða á hinu vátryggða við innbrot. Það telst innbrot ef þjófur hefur komist inn á vátryggingarstað með því að opna dyr með stolnum lykli eða öðrum afbrigðilegum ráðum eða farið inn um op sem ekki er ætlað til inngöngu. Það er forsenda fyrir bótaskyldu að á vettvangi séu ótvíræð merki um innbrot. Vátryggingin tekur einnig til skemmdarverka sem eru unnin á vátryggðum hlutum, enda hafi skemmdarverkið verið unnið í tengslum við innbrot eða rán.

Vátryggingin greiðir jafnframt bætur vegna eftirfarandi tjónsatvika:

- Vegna þjófnaðar úr læstum sýningarskápum eða kössum á vátryggingarstaðnum enda þótt ekki teljist um innbrot að ræða. Hámark greiðsluskyldu félagsins er 1% af vátryggingarfárhæð nema um annað sé samið.
- Vegna skemmda á fasteign af völdum innbrots eða tilraunar til innbrots. Hámark greiðsluskyldu félagsins er 10% af vátryggingarfárhæð.
- Þegar vátryggðir munir eru teknir eða skemmdir við rán eða ránstílaun. Það telst rán þegar vátryggðir munir eru teknir með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað. Vátryggingin tekur til þess að vátryggðu lausafé er rænt frá vátryggðum eða starfsmönnum hans á vátryggingarstaðnum eða í flutningi innanlands.

7. gr. Undanþágur

Vátryggingin bætir ekki tjón:

- Á sjálfsölum utanhúss eða þjófnaðar úr þeim.
- Á gleri fasteignar eða póstkössum.
- Vegna ráns sem framið er með hlutdeild starfsmanns vátryggðs.
- Vegna þjófnaðar úr peningaskáp sem opnaður hefur verið með lykli eða aðgangskóða sem skilin hefur verið eftir á vátryggingarstað.
- Á hlutum sem geymdir eru utandyra, í opnum skemmum eða skýlum, húsum í smíðum eða geymslum sem klæddar eru pappa, plastdúk o.þ.h.

8. gr. Varúðarreglur

Vátryggðum ber að gæta þess að:

- Dyr, gluggaop og önnur op inn á þann stað sem hið vátryggða er geymt séu tryggilega læst og lykklar geymdir þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.
- Sýningarskápar, -kassar og sjálfsalar séu tryggilega læstir og lykklar geymdir þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.

4. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI**9. gr. Hvar gildir tryggingin?**

Vátryggingin gildir á þeim stað sem greindur er á vátryggingarskírteininu.

10. gr. Hvað fellur undir trygginguna?

Vátryggingin tekur til beins tjóns á vátryggðu lausafé sem tilgreint er á vátryggingaskírteini en aldrei til rekstrartaps eða annars óbeins tjóns. Sé ekki um annað samið tekur vátryggingin aðeins til tjóns á lausafé í eigu vátryggðs.

Reiðufé, peningaígildi, verðbréf, handrit og skjöl telst ekki vátryggt nema slíkt sé geymt í læstum og eldtraustum peningaskáp og sérstaklega hafi verið um það samið og það tilgreint á vátryggingaskírteini. Sama á við um tölvuforrit, bókhaldsgögn, tækniteikningar, líkön o.þ.h. sem endurnýja eða endurvinnna þarf eftir tjónsatburð.

11. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Um bótafjárhæðir fer skv. almennum skilmálum félagsins. Ef altjón hefur orðið á framleiðsluvélum og váttryggður kaupir sambærilega vél til að halda framleiðslu áfram skal þó miða bætur við enduröflunarkostnað sambærilegrar vélar að teknu tilliti til aldurs, gerðar og notkunar.

Bætur fyrir tjón á vörum í framleiðslu og fullunnar vörur, sem váttryggður hefur sjálfur framleitt til notkunar, sölu eða dreifingar miðast við viðgerðarkostnað ef viðgerð er möguleg en að hámarki við innkaupsverð hráefnis og áfallinn kostnað við framleiðsluna miðað við verðlag á tjónsdegi. Bætur fyrir aðrar vörubirgðir og lagervöru nema að hámarki kostnaði við öflun sambærilegrar vöru. Ekki greiðast bætur fyrir áætlað söluverð eða missi hagnaðar.

Skilmálar þessir gilda frá 2. október 2019.